



## FJÖLMIÐLANEFND

Ari Edwald  
365 miðlar  
Skaftahlíð 24  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. júní 2012  
Mál nr. 2012-151/10.5

### **Efni: Hugsanleg brot á ákvæðum fjölmiðlalaga um auglýsingar og vernd barna**

Fjölmiðlanefnd hefur borist svarbréf 365 miðla þar sem félagið hefur komið á framfæri skýringum og sjónarmiðum sínum vegna hugsanlegra brota á 5. mgr. 41. gr. og 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Í ákvæðinu er kveðið á um að auglýsingar og fjarkaupainnskot eru óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Hefst bannið 5 mínútum áður en dagskrá hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Þá er bent á að dagskráauglýsingin hafi verið vegna þáttarins „Silent Witness“, sem er þáttur bannaður börnum og því varðar miðlun auglýsingarinnar jafnframt 28. gr. laga um vernd barna gegn skaðlegu efni. Í bréfi 365 miðla er það staðfest að um var að ræða birtingu auglýsingar á tíma sem brýtur gegn umræddum lagagreinum. Þá kemur fram að um handvömm starfsmanns hafi verið að ræða og beðist velvirðingar á mistökunum.

Fjölmiðlanefnd telur sýningu á umræddum auglýsingum vera brot á 5. mgr. 41. gr. og 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Samkvæmt g og m-lið 1. mgr. 54. gr. leggur fjölmiðlanefnd á stjórnvaldssektir vegna brota gegn ákvæðum laganna en falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 5. mgr. 54. gr.

Eins og málið liggur fyrir mun fjölmiðlanefnd ekki beita stjórnvaldssekt í þessu tilviki. Nefndin bendir hins vegar á að komi til frekari brota gegn 5. mgr. 41. gr. og/eða brota gegn 28. gr. munu slíkar sektir að sjálfsögðu koma til skoðunar.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Elfa Ýr Gylfadóttir